

## **Aðalfundur Dýraverndarsambands Íslands**

29. maí 2018 kl.20:00-22:00 í húsnæði félagsins að Grensásvegi 12A (bakhús).

### 1. Fundur settur

Fundur var settur kl. 20:00.

### 2. Fundarstjóri og ritari tilnefndur

Tillaga að fundarstjóra: Malín Brand og ritari: Sunna Arnardóttir. Tillagan er samþykkt af fundinum.

### 3. Kynning framboða til stjórnar

Árlega er kosið um annað hvort ritara og tvo meðstjórnendur eða um formann, gjaldkera og einn meðstjórnanda, alltaf til tveggja ára. Á þessu ári er kosið um formann, gjaldkera og einn meðstjórnanda. Um rétt til setu í stjórn vísast til laga félagsins.

Tvö framboð hafa borist í sæti formanns, en sitjandi formaður býður sig fram til áframhaldandi setu og annað framboð af félagaskrá hefur borist. Tvö framboð hafa borist af félagaskrá í sæti meðstjórnanda. Eitt framboð barst í sæti gjaldkera, en sitjandi meðstjórnandi gefur kost á sér í það sæti. Framboðin eru svohljóðandi, frá formanni, til gjaldkera og loks meðstjórnenda:

Hallgerður Hauksdóttir býður sig fram til áframhaldandi setu sem formaður.

Linda Karen Gunnarsdóttir af félagaskrá býður sig fram í sæti formanns.

Guðfinna Kristinsdóttir, sitjandi meðstjórnandi, býður sig fram í sæti gjaldkera.

Anna Berg Samúelsdóttir og Ragnheiður Gunnarsdóttir, báðar af félagaskrá, bjóða sig fram í sæti meðstjórnanda.

S. Steindór Pálsson lauk formlega stjórnarstörfum og er honum þakkað kærlega fyrir liðin ár.

### 4. Ársskýrsla DÍS og verkefni næsta árs

Ársskýrsla DÍS er kynnt af Hallgerði Hauksdóttur formanni. Fundarstjóri opnar fyrir umræður. Ársskýrsla samhljóða samþykkt.

### 5. Reikningar síðasta árs lagðir fram til samþykktar

Guðfinna Kristinsdóttir fer yfir ársreikninga félagsins. Rætt er um mögulegar tekjueflingar félagsins og bent á að slík umræða komi fram í öðrum málum síðar á fundinum. Einstaka bókhaldslyklar voru skoðaðir sem og sala DÍS á helming húsnæðis síns að Grensásvegi 12A á árinu. Kauptilboð sagði til um að kaupendur ættu að ganga þannig frá húsnæðinu að það væri tilbúið til notkunar. Kaupendur hafa staðið við það og DÍS á áfram þann hluta húsnæðisins þar sem salurinn var og þar hefur verið sett upp salernisaðstaða og eldhúskrókur.

Ársreikningar voru samþykktir af félagsmönnum.

### 6. Kosning stjórnar

Hallgerður Hauksdóttir hlaut afgerandi kosningu til áframhaldandi starfa sem formaður DÍS.

Guðfinna Kristinsdóttir var sjálfkjörin, en ekkert mótframboð barst í sæti gjaldkera.

Ragnheiður Gunnarsdóttir hlaut afgerandi kosningu sem nýr meðstjórnandi DÍS.

Skoðunarmenn verða Steindór Pálsson og Ragnhildur Ýr Gunnarsdóttir.

## 7. Lagabreytingar

Stjórn DÍS leggur til eftirfarandi lagabreytingar:

Tillaga 1)

í 9. gr. þar sem segir:

„Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert.“

verði:

„Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert.“

Tillaga 2)

Í 4. gr. verði eftirfarandi kafli færður neðst :

„Heimilt er með samþykki aðalfundar að vísa einstaklingi úr félaginu hafi hann gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið gróflega gegn reglum um félagsaðild sambandsins.“ og bætt verði við textann „samkvæmt ofangreindu“.

Tillaga 2) gerir því ráð fyrir að lokaorð 4. gr. hljóði svo:

„Heimilt er með samþykki aðalfundar að vísa einstaklingi úr félaginu hafi hann gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða brotið gróflega gegn reglum um félagsaðild sambandsins samkvæmt ofangreindu“.

Tillögurnar voru ræddar og báðar samþykktar.

## 8. Félagsgjöld og nýir félagar til samþykktar

Félagsgjöld og breytingar á þeim voru rædd. Stjórn leggur til að halda óbreyttum félagsgjöldum og rætt var að aukin leið til styrktar félagsins án þess að byggja einvörðungu á félagsgjöldum væri tekin fyrir í öðrum málum. Sú tillaga var samþykkt.

Nýir félagar voru bornir upp. Rætt var að nefna ekki félagsmenn framvegis með nöfnum vegna komandi persónuverndarlaga.

## 9. Önnur mál

Samstarf við Miðlun rætt, þar sem föstum styrktaraðilum er safnað til þess að kosta fastan starfsmann hjá félaginu. Félagsgjöld teljast innifalin í styrktaraðild og fá styrktarfélagar ekki kröfu um félagsgjald senda í heimabanka. Félagsmönnum er bent á að vekja athygli dýravina á þessum möguleika til að styrkja starf DÍS, þar sem styrktaraðild getur verið með og án félagsaðild, allt eftir óskum hvers og eins.

Út frá þessu málefni sköpuðust umræður um fjármál, mögulegar fjáraflanir fyrir DÍS og hvort að það að hafa starfsmann á launum standi fyrir félagið. Tillögur stjórnar um að kosta til fastan starfsmann með fjáröflun var samþykkt af félagsmönnum.

**Fundi slitið kl. 22:00.**

## **Árskýrsla Dýraverndarsambandsins 2017-2018**

Stjórn DÍS vann bæði að vanabundnum verkefnum fyrir félagið og einnig að undirbúningi nýrra tíma á síðasta starfsári. Haldnir voru átta vanabundnir stjórnarfundir auk allmargra vinnu- og samstarfs- og úrvinnslufunda. Salan á húsnæðinu gekk í gegn síðasta sumar. Við seldum tæplega helming húsnæðis okkar eða sem nemur 48% þess og héldum eftir 52% eignarhluta, sem er salurinn sem þið sitjið í hér. Húsnæðið var keypt árið 2012 á 13,5 milljónir króna en sá eignarhluti sem seldur var núna var seldur á 11,6 milljónir svo arðsemin af eigninni er mjög góð. Við höfum þegar fengið greiddar 10 milljónir en lokagreiðsla verður við afsal þegar ný fasteignasráning á fastanúmerum er tilbúin.

Upphaflega hugmyndin með notkun á húsnæðinu var að þar yrði miðstöð þar sem fólk gæti leigt salinn til að halda úti málþingum og fundum tengt dýravelferð, en salurinn reyndist sárasjaldan leigjast út og því ekki grundvöllur fyrir þeim rekstri. Rekstur húsnæðisins var einnig mjög dýr, um hálf milljón á ári fór í gjöld af því enda um atvinnuhúsnæði að ræða og bæði fasteigna- rafmagns- hitunar- og kaldvatnskostnaður því hár. Það er ekki félaginu í hag að halda uppi uppi húsnæði sem er bæði dýrt í rekstri og illa nýtt. Jafnframt verður skráningu hússins í heild breytt þannig að eignahlutar á neðri hæð verða skráðir sem íbúðir sem mun lækka mjög rekstrarkostnað.

Húsnæðið var í því ástandi í vetur á meðan á breytingum stóð að ekki var unnt að halda þar viðburði. Lokið var að mestu við að undirbúa það nú rétt fyrir aðalfund, en enn er

smá frágangur eftir. Það var hluti af kaupþilboði að kaupandi gengi frá öllum verkþáttum við breytingu á húsnæðinu og því hefur félagið ekki borið kostnað af því en kaupendur eru að standa við allt sitt og gera það vel eins og sjá má. Loks má geta þess að verðgildi eignarinnar mun aukast umtalsvert við umskráningu yfir í íbúð, enda eru íbúðirnar sem er verið að selja hér á hæðinni seldar á yfir 26 milljónir. Félagið stendur því mjög vel eftir þessar breytingar og á enn gott húsnæði með aðstöðu fyrir starfsmann og lítinn sal eins og þið sjáið sem hér sitjið.

Stjórn DÍS hóf samstarf við fyrirtækið Miðlun, en það sérhæfir sig í að afla styrktaraðila og halda utan um rekstur styrktaraðildar, gegn gjaldi. Markmiðið er að söfnunin standi undir að kosta starfsmann í fullu starfi án þess ganga á sjóði félagsins, en ef það gengur ekki eftir verðum við að rífa seglin og viðurkenna að félagið geti ekki haldið úti starfsmanni. Við eigum þó ekki von á því að svo fari. Félagið stendur vel rekstrarlega og eftir sölu á húsnæðinu er til nægilegt fé afgang til að reka nýjan starfsmann í eitt til tvö ár, en við gerum auðvitað ráð fyrir að styrktaraðild hafi vaxið nægilega til að standa undir því fyrir þann tíma.

Það verður hluti af starfsskyldum nýja starfsmannsins að kynna félagið og kynna hvernig fólk geti stutt starfsemi þess. Nú þegar safnast um 100þús krónur á mánuði á vegum styrktaraðildar og framhaldið lítur vel út, enda eru styrktaraðildarsafnanir af þessu tagi hvað stærstar í söfnun til dýraverndar, af öllum slíkum söfnunum sem tíðkast erlendis og engin ástæða til að ætla að fólk hafi minni áhuga á að styðja við dýravernd hér á landi en annars staðar.

Félagar sem hafa gerst styrktarfélagar halda félagsaðild að DÍS enda félagsgjöld innifalin, en einnig er hægt að gerast styrktaraðili án þess að gerast félagi í DÍS, sumir vilja hafa það þannig. Við hlökkum til að takast á við þetta verkefni og geta fært félagið upp á næsta stig, gera það sýnilegra og öflugra í þágu dýra á Íslandi.

Stjórn DÍS hélt áfram að leita að nýjum starfsmanni fyrir félagið sem gæti tekið við með eftirfylgni verkefna, daglegri umsjón með rekstri félagsins, auk fjölda verkefna sem bíða og annarra ókominna. Stjórnarmenn eru almennt útvinnandi og sá tími er að mestu

liðinn að fólk í félagsstörfum geti gefið mikla vinnu í frítíma sínum, enda í mörg horn að líta. Það hefur verið starfsmaður hjá félaginu síðan árið 2012 og undirrituð tók að sér að halda utan um rekstrarþætti félagsins sem starfsmaður að beiðni þáverandi formanns og gjaldkera í lok árs 2014. En félagið þarf starfsmann í fullt starf til að geta fylgt eftir því starfi sem þarf. Undirrituð hefur haft það hlutverk að sjá til þess að félagið haldi sjó, færa bókhald, halda utan um félagaskrá, tölvupósta og símsvörun og daglegan rekstur, samskipti við hið opinbera, og aðra þætti sem til skrifstofustarfa heyra. Formannshlutinn er í sjálfböðavinnu og verður áfram.

Eftir að hafa rætt við allnokkra líklega sem bent var á og leitað eftir í vetur og kallað fáeina til viðtals við stjórnina, var ákveðið að fá fagmanneskju til að þarfagreina fyrir félagið og skilgreina hvaða þætti starfsmaður þyrfti að hafa. Við fengum faglegan verkefnisstjóra til verksins. Hefur hún haldið fundi með stjórn og formanni og safnað saman upplýsingum um starfsemi félagsins og kortlagt helstu hagsmunaaðila og tengiliði og upp úr því gert starfslýsingu sem spannar mjög vel þau verkefni sem þarf að sinna í þágu dýra. Verkefnisstýran sá síðan um að auglýsa starfið og mun í kjölfarið auk þess að sjá um feril ráðningar að því marki að leggja tillögur fyrir stjórn DÍS. Jafnframt mun verkefnisstýran leggja línurnar varðandi tryggingar- og réttindamál starfsmannsins og annað tilheyrandi.

Tímaritið Dýraverndarinn kom ekki út í ár en við eigum talsvert af greinum sem bíða og mun verða tekið til við hann um leið og þessum verkefnum er lokið. Það kostar 800þúsund að gefa út ritið og það selst ekki nema í örfáum eintökum árlega svo við verðum að reikna með að það verði annað hvort hluti af starfsskyldum nýja starfsmannsins að afla auglýsinga í blaðið til að standa undir rekstri þess, eða snúa okkur að því að hafa efnið tiltækt á netinu í staðin. Við vonum auðvitað að hið fyrrnefnda verði ofan á, enda um merkilegt rit að ræða. Heimasíðan okkar bíður yfirferðar nýs starfsmanns og ýmis textavinna er eftir, mörg þörf og tímafrek verkefni bíða hans.

Störf stjórnar hafa þannig í vetur snúist um hagsmuni félagsins og það að leggja grunn til framtíðar, en þessi verk hafa ekki verið mjög sýnileg enda þótt mikil vinna hafi farið í

þau. En við sinnum auðvitað einnig dýravelferð allan tímann. Nýr fulltrúi og varamaður var skipaður í Fagráð um velferð dýra fyrir hönd DÍS til þriggja ára og það er markmið beggja að fagráð sinni betur stefnumótun að aukinni dýravelferð. Til þess erum við í ráðinu. DÍS er með á borðinu úrvinnslu vegna notkunar á minkahundum sem er att til að drepa (slíta í sundur) lifandi minka og um villikisur sem þurfa hjálp. Jafnframt þarf að setjast yfir rannsóknir um velferð fiska við fiskeldi, gæta að því að ekki séu notuð beislismél sem skaða hesta, sporna áfram gegn verksmiðjubúskap og almennt gegn illri meðferð á dýrum. Við vonum að þið séum ánægð með störf okkar og styðjið okkur til áframhaldandi starfa.

Stjórn DÍS hefur í öllum störfum sínum haft hagsmuni og framtíð félagsins að leiðarljósi og markmiðið er auðvitað að vinna samkvæmt lögum félagsins að framgangi dýravelferðar, vera sýnileg og gera gagn í þágu dýra.

unnið og samþykkt af stjórn DÍS,  
Fyrir hönd stjórnar DÍS,  
Hallgerður Hauksdóttir,  
formaður.